



Kæru dönskukennarar

Fræðslufundurinn í HR

Fræðslufundurinn sem Félag dönskukennara stóð fyrir föstudaginn 7. nóvember tókst vel. Ánægjulegt er að geta sent fundi af þessu tagi út til félagsmanna utan höfuðborgarsvæðisins með notkun fjarfundabúnaðar.



Yahya Hassan heimsótti Ísland

Hinn 19 ára gamli danski Yahya Hassan flutti ljóð sín í FB þann 6. nóvember. Áhugasömum dönskunemendum í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu var sérstaklega boðið á viðburðinn. Nemendur troðfylltu salinn og hlýddu andaktugir á taktfastan og kröftugan flutning

Yahya. Það vakti athygli hve unga fólkið spurði ljóðskáldið áhuga-verðra og einlægra spurninga á dönsku í lokin.

Á vef Mbl má sjá stutt [viðtal](#) við Yahya Hassan.



Norden på nettet. Tablets, mobiltelefoner og apps i undervisningen.

Hagnýtt og spennandi námskeið á vegum Nordspråk á Shæffergården frá hádegi á föstudegi þann 30. janúar fram að hádegi á sunnudegi þann 1. febrúar.

[Skráning](#) fram til 30. nóvember á heimasíðu Nordspråk, en þar má einnig sjá dagskrána.



Julefrokost

Hinn árlegi julefrokost FDK verður haldinn laugardaginn 29. nóvember kl. 12 í Lækjarbrekku. Happprættið góða verður á sínum stað og óvænt uppá-koma.

Verð er 4900 kr.

Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 22. nóvember hjá Hildur.Hauksdottir@mk.is

Félagsgjöldin

Við viljum minna félagsmenn á að greiða félagsgjöldin sem fyrst. Framundan er ýmislegt áhugavert m.a. ráðstefna í mars en til þess að félagið geti haldið uppi öflugum starfi fyrir félagsmenn þurfa félagsgjöld að skila sér inn.

Hvordan brænde - uden at brænde ud?

Endurmenntunarnámskeið Menntavísindasviðs verður haldið föstudag og laugardag 5. og 6. desember. Námskeiðið er dönskukennurum að kostnaðarlausu. Umsóknarfrestur er til og með 1. des. Nánari upplýsingar eru [hér](#).

Dönskukennarar í facebook-hópnum eru nú 268 talsins.

Ábyrgðarmaður: Margrét Karlsdóttir
margret@hvaleyarskoli.is